



35. fundur, umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Þórshöfn föstudaginn 27. júlí 2018 og hófst klukkan 12:00.

Mættir voru: Jósteynn Hermundsson, Árni Bragi Njálsson, Aðalbjörn Arnarsson, Karl Ásberg Steinsson og Elías Pétursson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhver gerði athugasemd við fundarboð.

Svo var ekki.

Formaður bar upp tillögu um að bæta einum lið á dagskrá og að hann kæmi í framhaldi af 11 lið á útsendri dagskrá, aðrir liðir færast aftar sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá

1. Langanesvegur 13 – breytingar, til kynningar
2. Austurvegur 6 – ósk um breytingar
3. Erindi frá Skotfélagi Þórshafnar og nágrennis, dags. 14. júní 2018
4. Umsókn um lóð í landi Miðfjarðarnessels
5. Umsókn um byggingarleyfi fyrir veiðihús í landi Miðfjarðarnessels
6. Umsókn um heimild til að gera vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká
7. Umsókn um lóð fyrir athafna- og geymslusvæði
8. Hesthúsahverfi við Þórshöfn – breyting á aðal- og deiliskipulagi, skipulagslýsing
9. Deiliskipulag – Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg, Þórshöfn, skipulagslýsing
10. Umsókn um leyfi til niðurrifs og byggingarleyfis á Steintúni 2
11. Aðalskipulagsbreyting – Námur á Langanesströnd
12. Innsent erindi vegna lúpínu og kerfils
13. Önnur mál.

1. Langanesvegur 13 – Viðbygging og lagfæring

Fram er lögð umsókn um byggingarleyfi undirrituð af Gylfa Guðjónssyni f.h. RARIK og meðfylgjandi gögn, málinu var vísað til nefndarinnar af sveitarstjórn á 85. fundi hennar. Flatarmál viðbyggingar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir er u.þ.b. 80m² og er um er að ræða húsnæði sem hýsa á bílageymslu og starfsmannaaðstöðu. Einnig kemur fram í gögnum máls að uppi eru áform um að klæða allt húsið að utan, endurnýja þak o.fl. Einnig er lagt fram minnisblað frá skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins vegna málsins.

Samþykkt um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti fram lagða umsókn og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis þegar öll gögn liggja fyrir. Einnig leggur skipulagsnefnd til að breyting verði gerð á aðalskipulagi í samræmi við framlagt minnisblað.

Samþykkt samhljóða.



2. Austurvegur 6 – ósk um breytingar

Fram eru lögð gögn er varða ósk eigenda húsnæðis að Austurvegi 6 um breytingu á aðkomu að inngangi að efri hæð. Með framlögðum gögnum fylgja samþykki eigenda að Austurvegi 4 og eigenda að neðri hæð Austurvegar 6.

Samþykkt um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdina fyrir sitt leyti.

Samþykkt samhljóða.

3. Erindi frá Skotfélagi Þórshafnar og nágrennis, dags 14. Júní 2018

Fram er lagt erindi Skotveiðifélags Þórshafnar og nágrennis og fylgigögn hvar þess er farið á leit að félagið fái til afnota land í Gunnólfsvík undir skotæfingasvæði.

Samþykkt um bókun: Umhverfis og skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindinu verði hafnað.

Samþykkt samhljóða.

4. Umsókn um afmörkun lóðar í landi Miðfjarðarsels

Fram er lögð umsókn um afmörkun lóðar í landi Miðfjarðarsels ásamt hnitsettri teikningu af lóð. Einnig er lagt fram bréf Langanesbyggðar dags 15. júlí 2010 hvar stöðuleyfi var veitt vegna veiðihúss.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti afmörkun lóðar samkvæmt framlögðum gögnum.

Samþykkt samhljóða

5. Umsókn um byggingarleyfi vegna veiðihúss

Fram er lögð umsókn um byggingarleyfi dags 20. júní undirrituð af Árna Gunnarssyni f.h. Veiðifélags Miðfjarðará og Litlu-Kverkár um byggingarleyfi. Óskað er heimildar til byggingar veiðihúss á afmarkaðri leigulóð í landi Miðfjarðarnessels. Einnig eru lagðar fram teikningar, skráningartafla, hnitsett lóðateikning og stöðuleyfi.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir umsókn um byggingarleyfi fyrir sitt leyti og felur byggingarfulltrúa útgáfu þess þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða

6. Umsókn um heimild til lagningar vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká

Fram er lagt erindi Árna Gunnarssonar f.h. stjórnar Veiðifélags Miðfjarðará og Litlu Kverkár hvar óskað er heimildar fyrir lengingu vegslóða meðfram Miðfjarðará í landi Kverkártungu, samtals 1,4 km. Einnig er óskað heimildar fyrir lagningu vegslóða í landi Kverkártungu frá Brúarfossi að Sleppihyl, samtals um 5,7 km. Erindinu fylgir teikning af umræddum vegslóðum. Fram kemur í erindinu að um sé að ræða einfaldan slóða sem jarðýta af minnstu gerð geri með því að slétta og aðlaga land, slóðinn verði ekki uppbyggður en styrktur með malarofaníburði þar sem farið er yfir mýrar. Einnig kemur

LANGANESBYGGÐ



fram það mat umsækjenda að slóðagerðin muni tryggja að öruggara og auðveldara verði að sinna öflugri fiskirækt í Litlu-Kverká á komandi árum.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti gerð slóða í landi Kverkártungu meðfram Miðfjarðará og frá Brúarfossi að Sleppihyl en leggur á það áherslu að öllu raski verði haldið í lágmarki og að vel verði gengið frá þeim stöðum þar sem efnistaka fer fram.

Samþykkt samhljóða.

7. Umsókn um athafna- og geymslusvæði.

Fram er lagt erindi frá Þórði Þórðarsyni dags. 7. júlí 2018 hvar óskað er eftir athafna- og geymslusvæði á lóð að Langholti 1b.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd leggst gegn því að leyfi verði veitt á umræddri lóð enda er hún skilgreind byggingarlóð og ekki búið að leggja götu að henni.

Samþykkt samhljóða.

8. Hestúshverfi við Þórshöfn – breyting á aðal- og deiliskipulagi

Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag hestúshverfis við Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og helstu forsendum.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að kynna lýsinguna almenningi og hagsmunaraðilum og senda hana umsagnaraðilum.

Samþykkt samhljóða.

9. Deiliskipulag – Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn

Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugað deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og helstu forsendum.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd felur sveitarstjóra að kynna lýsinguna almenningi og hagsmunaraðilum og senda hana umsagnaraðilum.

Samþykkt samhljóða.

10. Umsókn um leyfi til niðurrifs og byggingarleyfis á Steintúni 2

Fram er lagt erindi Þórarins Ingólfssonar dags 6. júlí hvar óskað er heimildar til niðurrifs gamals íbúðarhúss á jörðinni Steintúni 2 á Bakkafirði. Einnig er í erindinu sótt um byggingarleyfi fyrir nýju íbúðarhúsi á sama stað í samræmi við framlagðar teikningar sem umsókninni fylgja.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti niðurrif íbúðarhúss á jörðinni Steintúni 2. Einnig samþykkir nefndin framlagða umsókn um byggingarleyfi og felur byggingarfulltrúa útgáfu þess þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.



11. Aðalskipulagsbreyting – Námur á Langanesströnd

Fram er lagt yfirlit vegagerðarinnar yfir námur sem óskað er eftir að settar verði inn á aðalskipulag Langanesbyggðar vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Einnig er fram lögð teikning og yfirlit yfir skipulagsbreytinguna.

Bókun um afgreiðslu: Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir, með hliðsjón af erindi Vegagerðarinnar til sveitarfélagsins um aukið efnisnám vegna viðhalds og nýbyggingar vega í sveitarfélaginu, að gerð verði breyting á staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar samkvæmt 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin miði að því að fjölga efnisnámi á aðalskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við óskir Vegagerðarinnar. Nefndin felur sveitarstjóra að ljúka gerð og kynna lýsingu á fyrirhugaðri skipulagsbreytingu í samræmi við lög þar um. Samþykkt samhljóða.

12. Innsent erindi vegna lúpínu og kerfils

Fram er lagt erindi dags. 5. júlí frá Hilmu Hrönn Njálisdóttur. Efni erindisins er að óska aðstoðar sveitarfélagsins við að hefta útbreiðslu lúpínu, einnig kemur fram í erindinu sú skoðun bréfitara að kortleggja þurfi útbreiðslu lúpínu á Bakkafirði.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin þakkar bréfitara erindið en vill benda á að undanfarin tvö ár þá hefur sveitarfélagið útvegað orf til sláttar á lúpínu ásamt því að hafa fengið verktaka til að slá lúpínu þar sem stærri tækjum verður við komið. Nefndin lýsir sig tilbúna til áframhaldandi samstarfs á þeim forsendum sem að ofan er lýst. Einnig beinir nefndin því til sveitarstjórnar að útbreiðsla lúpínu og kerfils verði kortlögð í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og fundi slitið kl. 13:39.